

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Hr. framkvæmdastjóri Aðalsteinn Óskarsson
Árnagata 2-4
400 Ísafjörður.

Vestfirðir, 19. september 2017.

Efni: Tillaga millipinganefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um breytingu á 4. grein samþykta fjórðungssambandsins.

Með bréfi framkvæmdastjóra FV dags. 31. ágúst 2017 voru í framhaldi af samþykkt 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið 24. maí 2017 eftirtaldir skipaðir í millipinganefnd FV til að endurskoða fyrirkomulag vogtölukerfis samkvæmt 4. grein samþykta FV:

- Baldur Smári Einarsson, f.h. norðanverða Vestfirði.
- Finnur Ólafsson, f.h. Stranda og Reykhóla.
- Þórir Sveinsson, f.h. sunnanverða Vestfirði.

Nefndin leggur til breytingu á fyrirkomulagi og á 4.gr. samþykta FV:

1. Að útgáfa kjörbréfa í núverandi mynd verði hætt.
2. Að núverandi 4. gr. samþykta FV falli niður en í þess stað komi ný 4. gr. sem verði:

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir fulltrúar á þing landshlutasamtakanna eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra til jafnmargra ára.

A. Sveitarstjórn skipar fjölda fulltrúa sína með atkvæðisrétti á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eftirfarandi:

- Sveitarfélög með 400 íbúa eða færri - 1 fulltrúa.
- Sveitarfélög með 401-2000 íbúa - 3 fulltrúa.
- Sveitarfélög með 2001 íbúa og fleiri - 5 fulltrúa.

Leitast skal við að fulltrúar meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar séu kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti, sé því við komið. Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra í forföllum aðalmanna hafa rétt á að sækja þing Fjórðungssambands Vestfirðinga með málfrelsi og tillögurétti.

B. Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga er:

Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði og er miðað við íbúafjölda á áramótum.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds.

Það tilkynnist hérmeð að nefndin hefur lokið störfum. Hjálagt fylgir greinargerð með tillögunni ásamt fylgiskjali.

Virðingarfyllst,
Baldur Smári Einarsson (sign.).
Finnur Ólafsson (sign.).
Þórir Sveinsson (sign.).